



SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Umhverfis- og skipulagsráð

Sendandi: Skrifstofa samgöngustjóri og borgarhönnunar

Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins, um aðgengi að Hlemmi

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 10. ágúst sl. var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins:

Nýlega hófust framkvæmdir við fyrsta áfanga að nýju Hlemmtorgi og þegar hefur Rauðarárstíg milli Laugavegar og Bríetartúns verið lokað. Gert er ráð fyrir að Rauðarárstígur verði lokaður til suðurs við gömlu Gasstöðina en þar verður snúningsshringur fyrir fólksbíla. Spurning: Ef horft er til Rauðarárstígs spyr Flokkur fólksins hvort haft hafi verið samráð við íbúa áður en ákveðið var að hefja framkvæmdir. Næst Bríetartúni og sleppistæði fyrir leigubíla. Þá verða tvö stæði fyrir hreyfihamlaða við snúningsshringinn, nær Hlemmi. Aðgengi verður stórlega skert. Íbúar sem búa í grennd við Hlemmtorg hafa áhyggjur af því að geta ekki lagt bíl við hús sín til að afferma. Flokkur fólksins hefur lagt til að fundin verði lausn á þessu þannig að íbúar við göngugötur, torg og önnur svæði sem meirihlutinn hefur lokað fyrir bílaumferð fái leyfi í samræmi við leyfi sem verslanir og veitingastaðir hafa þegar til að flytja inn vörur. Tillaga var felld. Á þessu svæði er blönduð byggð, margir með börn og einnig býr þarna fatlað fólk. Spurning: Hvernig á þetta fólk að bera inn matarpoka eða húsgögn ef því er að skipta, með barn á handlegg eða notast við hjálpartæki.

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar þann 5. október sl.

Svar:

Í 5. gr. samþykktar um göngugötur í Reykjavík segir að íbúar og eða rekstraraðilar við göngugötu og nærliggjandi götur geta fengið leyfi til tilfallandi aksturs á göngugötu utan vörulosunartíma við sérstakar aðstæður t.a.m. við flutninga eða stærri framkvæmdir. Það er því heimild fyrir íbúa á þessum svæðum að aka um og leggja bílum við sérstakar aðstæður.

Að öðru leyti vísar skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar í svar skipulagsfulltrúa í sama máli sem lagt var fram á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 26. október sl.

Beðist er velvirðingar á seinum svörum .

Virðingarfullt,
Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir
samgöngustjóri